

GJALDSKRÁ

fyrir stofngjald fráveitu, fráveitugjald og rotþróargjald í Stykkishólmsbæ.

1. gr.

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar innheimtir gjald fyrir fráveitu í Stykkishólmsbæjar og hreinsun rotþróa í Stykkishólmsbæ skv. gjaldskrá þessari og samþykkt nr. 1358/2019 um fráveitur í Stykkishólmsbæ.

2. gr.

Stofngjald fyrir tengingu og lagningu frárennislagna við holræsakerfi sveitarfélagsins skal vera:

| | |
|---------------------|--|
| Fyrir einbýlishús | 59.221 kr. á hvert hús |
| Fyrir fjölbýlishús | 19.737 kr. á hverja íbúð |
| Fyrir annað húsnæði | 45,32 kr. á hvern fermetra í húsnæðinu að 4.000 fermetrum. 23,23 kr. á hvern fermetra umfram 4.000 fermetrum. |

Ef um tvöfalt frárennisliskerfi er að ræða skulu ofangreindar tölur margfaldaðar með tveimur.

3. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum. Fráveitugjald skal nema 0,18% af álagningarstofni íbúðarhúsnæðis og 0,21% af álagningarstofni atvinnuhúsnæðis. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki fráveitugjald. Gjald dagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

4. gr.

Rotþróargjald fyrir hverja rotþró skal vera eftirfarandi árlega:

| Stærð í lítrum | kr. |
|----------------|--------|
| 0-2.000 | 8.199 |
| 2.001-4.000 | 10.288 |
| 4.001-6.000 | 11.711 |
| 6.001-8.000 | 14.475 |
| 8.001-10.000 | 19.138 |

Rotþró stærri 10.000 5.469 pr. Umfram rúmmetra

Verða miðast við að hreinsibíll þurfi ekki að standa fjær rotþró en 10 metra.

Fyrir hverja 10 metra umfram það skal greiða kr. 3.262

5. gr.

Gjöld skv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Njóta gjöldin lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

6. gr.

Gjaldskrá þessi sem var samþykkt af bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar 10. desember 2020 staðfestist hér með samkvæmt 15. gr. laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009 og 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 til að öðlast þegar gildi. Um leð fellur úr gjaldskrá nr. 1358/2019

Stykkishólmur 15. desember 2020



Jakob Björgvin Jakobsson bæjarstjóri

